

Dagskrá Kvæðamannafélagsins Iðunnar vorið 2018

Í vor verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
3. janúar	5. janúar
7. febrúar	9. febrúar
7. mars	9. mars – Aðalfundur
4. apríl	6. apríl
2. maí*	4. maí

Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl. 20:00 og lýkur kl. 22:30.
*Vakin er athygli á að kvæðalagaæfingarnar verða á miðvikudögum að venju, milli kl. 19:00-21:00, nema í maí, þá milli kl. 18:00 - 20:00, verður hún fyrir fjölskyldufólk með börn á grunnskólaaldri og alla sem vilja koma.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin fimmtudaginn 15. júní.



Stjórn Iðunnar sendir félagsmönnum bestu óskir um gleðileg jól, gott og farsælt nýtt ár.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

129. tölublað – 38. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2017
Ábm: Bára Grímsdóttir

Sérviska jólaanna

Ég ólst upp við þann algilda þingeyska sannleik að maður skyldi aldrei leggja sér til munns ket sem reykt væri sunnan Holtavörðuheiðar. Gæðin myndu aukast eftir því sem lengra væri farið í norður og austur frá ósýnilegum gæðamörkum heiðarinnar. Reyndar mætti til sanns vegar færa að hvar sem drepð væri niður fæti á þeirri leið mætti finna sérgæði sem hugnaðist hverjum og einum, eftir upplagi.

Þó mátti örugglega finna undantekningar sem hliðruðu sér framhjá þessum algilda sannleik. Ómótmælanlegt dæmi um það var taðreykta, veturgamla sauðalærið, með angan af breiðfirskri sjávarseltu, sem Jóhannes frændi minn í Skáleyjum skenkti okkur um vetrarsólstöður um árabíl. Þar var um að ræða bautastein á ferð kynslóðanna gegnum þjóðmenningarleg votviðri aldanna.

Með aldrinum þynnist út hrepparígsbundin yfirhýsingagleði æskunnar og er ég komst á þann aldur að ég gat ómögulega sannfært sjálfan mig um það að ég væri ennþá ungur tók ég mér tak og ákvað að lita á heiminn með virðulegu jafnaðargeði hins miðaldra.

Nú er svo komið hjá þjóð sem lifir í landi þar sem fjarlægðir og einangrun hafa sópast burt í rafrænni gervinánd snjalltækja að myndrænar öldur ljósvakans hafa yfirtekið baðstofumenningu áanna og sérkenni afdala og útnára eru orðin almenningsseign.

Nú er anganin, sumir segja fnykurinn, af hinni kæstu skötu Vestfirðinga búin að yfirtaka tiltölulega meinlaust andrúmsloft Þorláksmessu um landið hvert og endilangt, jafnt í borgaralegum stásstofum sem stigagöngum og kveður svo rammt af að upplausn og óreiða hefur ríkt í fjölbýlishúsum þéttbýlisstaðanna því skötuilmurinn gerir engan greinarmun á hlutfallaskiptingu sameigna og líður sína leið um skúmaskot og óraviddir mannlegrar búsetu.

Framhald á næstu síðu.

Þrátt fyrir visku miðaldurs, fordómaleysi og umburðarlyndi, hef ég úthýst eiginkonu minni á Þorláksmessu með sína vestfirsku skötu og þarf hún nú að leita á náðir greiðasala, með dæturnar í eftirdragi, vilji hún njóta keimsins. Þingeyskan uppruna minn get ég bara ekki beygt í slíku tilfalli.

Af hangikjötinu er það nú að segja að ég hef komist að því að heima er þar sem hjartað er og hollur er heimafenginn baggi. Í sveitinni sunnan Skarðs-heiðar þar sem ég nú uni, fjarri mínum þingeysku æskustöðvum, auðnaðist mér að finna reykingameistara sem gefur hvergi eftir hinum goðsagnakenndu þingeysku.

Laufbrauðið norðlenska hefur, í samræmi við fyrrnefnda upplausn staðbundinna gilda, gert viðreist um landið bláa og er nú hvergi að finna þann örreytisstað sem ekki skartar því á jólakræsingaborðum. Eitt grundvallar-atriði norðlenskrar laufbrauðsgerðar hefur þó átt undir högg að sækja í alþjóðavæðingunni og hinir ágætu bókunarhöldar sem selja útflattar kökur til skurðar virðast ekki leggja næga áherslu á. Jafnvel þó um norðlensk fyrirtæki sé að ræða. Það er sú heilaga regla að kökurnar þurfa að vera svo þunnar að hægt sé að lesa jólaguðspjallið í gegnum þær. Kvæðið „Ljómur“ eftir Jón biskup Arason er einnig afbragðsgott til þessa brúks og þá sérstaklega þessi tvö erindi:

Dýrri dóttur Önnu
Drottinn minn að sendi
einn af englum sínum.
Sagði henni að sönnu
og sætum orðum vendi:
Hrein er holgan þín.
Ver þú mig, þó villan yfir mig drifi,
sem vænn og sterkur brynjaður her í kífi!
Heilagur andi skryðdist skæru vífi.
Skapari minn var huldur hennar lífi.

Nú mánuðu næsta
nú sem spámenn játa
oss í fagran frið.
Bjartur í Betlehem hæsta
borinn, sem guðspjöll votta,
af hennar helgum kvið.
Einn hét Baltasar, offrur gull með höndum,
annar Melkiör, mildur af ráðum vöndum,
Jasparius með reykelsti í höndum.
Austan kvomu kóngar þrír úr löndum.

Að svo komnu máli óska ég ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar.

Gunnar J. Straumland

Jóla og vetrarvísur

Vetrar gjalla veður stríð
viknar fjallahringur.
Þekur stalla holt og hlíð
hvítur mjallarbingur.

Ingólfur Ómar Ármannsson

Rekin burt er rökkvuð nátt
af rafmagnsljósum björtum
nálkast jólin, nú er kátt
í neysluglöðum hjörtum.

Sigrún Haraldsdóttir

Jólin dýr í desember,
djúpt þau aldrei hafa rist,
fyrir þetta finnst nú mér
að flengja mætti Jesú krist.

Jón Ingvar Jónsson

Hann Guðmundur góði á Hólum
gleðst yfir eldrauðum kjólum
og háhæla skóm,
í hárið fær blóm,
svo déskoti dragfinn á jólum.

Sigurlín Hermannsdóttir

Vetur kelur blóm í blund,
brynjast melar ljósir.
Fýkur él um freðna grund,
fæðast hélurósir.

Sigmundur Benediktsson

Fjöllin tjölduð fanna gjörð
frera völdin róma.
Hélu földuð hímir jörð
hulin köldum dróma.

Sólin fíra horfir heim
hefur því með sóma
litaský, sem gylla geim
greipt í nýjan ljóma.

Sigmundur Benediktsson.

Fjúkandi reiður flengir hvern ás,
fáðæma illa lyndur,
aulasnjó hvítan rekur á rás,
rífur í brimskafllsindur,
kemur með látum, kaldur og hás
kveinandi norðanvindur.

Sigrún Haraldsdóttir

Landsmót Stemmu 2018

Landsmót Stemmu - landssamtaka kvæðamanna, verður haldið á Bifröst í Borgarfirði helgina 20. – 22. apríl 2018. Þar verða haldin ýmis námskeið og erindi í tengslum við útgáfuna á Seglulböndum Íðunnar. Danshópurinn Sporið kemur einnig við sögu.